

Ed.

367. Nefndarátt

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Með frumvarpi þessu er farið fram á það, að sá, er staðist hefir próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands og með því orðið fær um að stjórna 12 til 50 hestafla mótörvjel, geti með æfingu í vjelstjórn öðlast rjett til stjórnar á stærri mótörvjelum.

Nefndin er öll sammála um, að sá, er hlotið hefir það undirbúningsnám, sem ráð er fyrir gert í frumv., og hefir í 12 mánnði eða lengur stjórnað alt að 50 hestafla mótörvjel, muni við þá æfingu, sem hann fær við starfið, verða fær um að stjórna alt að 100 hestafla mótörvjel, en meiri hluta nefndarinnar, þeim Ingvari Pálmasyri og Halldóri Steinssyni, þykir fulllangt gengið í síðustu málsgr. 1. gr., þar sem ætlast er til, að vjelstjóri með undirbúningsnámi því, sem talað er um í fyrri málsgr. 1. gr., geti með æfingu í vjelstjórn öðlast rjett til stjórnar á 100 til 150 hestafla mótörvjel, og leggur því til, að málsgreinin verði feld. Minni hlutinn, Erlingur Friðjónsson, gengur inn á þetta til samkomulags.

Leggur því öll nefndin til, að frumv. verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM :

Við 1. gr.

1. Í stað ordanna »50 hestafla mótörvjel« í fyrri málsgr. komi: 30 til 50 hestafla mótörvjel.
2. Síðari málsgr. falli niður.

Alþingi, 18. apríl 1929.

Erlingur Friðjónsson,
form. og frsm.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.

Halldór Steinsson.